

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð nr. 467/1989, fyrir Unglingaheimili ríkisins.**

1. gr.

9. gr. orðist svo:

Séu unglingar vistaðir af barnaverndaryfirvöldum greiðir viðkomandi sveitarfélag daggjöld, nema á vímuefnadeild, sbr. 4. tölulið 6. gr., þar greiðir ríkissjóður allan kostnað. Daggjöld vegna vistunar lögreglu og annar kostnaður greiðist úr ríkissjóði. Menntamálaráðuneytið ákveður daggjöld að fengnum tillögum stjórnarnefndar.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með skírskotun til laga nr. 53/1966, um vernd barna og ungmenna, og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 30. nóvember 1989.

Svavar Gestsson.

Árni Gunnarsson.

REGLUGERÐ**um (5.) breytingu á reglugerð um gerð lyfseðla og ávísun lyfja, afgreiðslu þeirra og merkingu nr. 421/1988.**

1. gr.

Eftirfarandi skal bætt við í viðauka 4 við reglugerðina:

Efni	Hámarks magn og/eða takmarkanir	Dæmi um lyf og lyfjalagaform, er selja má án lyfseðils	Áletrun og/eða upplýsingar á fylgiseðli, sem afhenda skal með lyfinu.
Loperamidum	Mixtúrur, mest 0,2 mg/ml. Mest 100 ml handa einstaklingi.	IMODIUM, mixtúra	Við bráðum niðurgangi; skammtímamerðferð Skammtar: Fullorðnir: 10–60 ml á dag. Börn 8 ára og eldri: 10–30 ml á dag. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 8 ára. Varúð: Við háan hita eða ef blóð er í hægðum, má ekki nota lyfið. Kallið í tækni.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 16. og 17. gr. lyfjalaga nr. 108/1984, öðlast gildi 1. janúar 1990.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. desember 1989.

Guðmundur Bjarnason.

Ingolf J. Petersen.